

Opnun tilboða – Fundargerð

Tilboðsverk: Veitingarekstur í Löngubúð
Dagsetning fundar: 19. nóvember 2018
Staðsetning fundar: Skrifstofa Djúpavogshrepps, Bakki 1, Djúpavogi
Fundur settur kl. 14:00
Fundarstjóri: Sveitarstjóri, Gauti Jóhannesson
Fundarritari: Greta Mjöll Samúelsdóttir

Viðstaddir eru: Gauti Jóhannesson, Greta Mjöll Samúelsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Jóhanna Meyer Birgisdóttir og Hera Líf Liljudóttir.

Athugasemdir fyrir opnun voru engar.

Veitingarekstur í Löngubúð

Djúpavogshreppur óskaði 31. október eftir tilboðum í veitingarekstur Löngubúðar frá 1. janúar 2019. Tilboðum skyldi skila á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir kl. 15:00 föstudaginn 16. nóvember. Tilboð skyldu opnuð á sama stað kl. 14:00 mánudaginn 19. nóvember að viðstöddum þeim bjóðendum sem óska. Tilboð skulu gilda í tvær vikur frá opnun þeirra. Djúpavogshreppur áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Vakin var athygli á að ýmsar kvaðir fylgja rekstrinum sem áhugasömum er bent á að kynna sér.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Tilboðsupphæð/greiðslufyrirkomulag
Bergþóra Birgisdóttir og Jóhanna Meyer Birgisdóttir	5% af veitingasölu án vsk.
Káلكur ehf	10% af heildarveltu eftir skatta – aldrei minna en 600.000 kr.
Hera Líf Liljudóttir	100 þús. á mánuði

Athugasemdir eftir opnun:

Sveitarstjóri minnti á að í auglýsingu verksins ákvæði þar sem áskilinn væri réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum, að tilboð giltu í tvær vikur frá opnun þeirra og að endanleg afgreiðsla færi fram á fundi sveitarstjórnar 13. desember.

Engar aðrar athugasemdir komu fram. Fundargerðin, sem færð var í tölvu lesin upp og staðfest, prentuð út og undirrituð af viðstöddum. Fundi slitið kl. ~~14:05~~ 14:05.

Hera Líf Liljudóttir
Jóhanna M. Meyer
Bergþ. Birgisd.